



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Egilsstöðum, 6. febrúar 2023  
Málsnr. 202301104

### Efni: Umhverfismatsskýrsla vegna áframahaldandi efnistöku úr Litlabakkanámu

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Múlaþings um umhverfismatsskýrslu um Litlabakkanámu í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Hér á eftir verður gert grein fyrir því hvort athugasemdir séu gerðar við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þurfi að gera frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Jafnframt verða tilgreind þau leyfi sem sveitarfélagið sér um útgáfu á og tengjast umræddri framkvæmd.

### Almennt um framkvæmdina

Landeigandi Litlabakka áformar efnistöku á um 40 ha svæði á áreyrum Jökulsár á Dal. Áætluð efnistaka er allt að 10.000 m<sup>3</sup> á ári í 25 ár, alls 250.000 m<sup>3</sup>. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla steypuefnis og fyrsta flokks steinefnis fyrir vegklæðningar á Austurlandi. Efni hefur verið tekið um áratugaskeið á þessum efnistökuastað á grundvelli framkvæmdaleyfa frá sveitarstjórn. Til að tryggja aðgang að góðu jarðefni til næstu 25 ára þarf að stækka efnistökusvæðið.

Samkvæmt Aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs 2008-2028 er framkvæmdasvæðið skilgreint sem efnistökusvæði, merkt E54 á skipulagsupprætti. Stærð svæðisins er ekki tilgreind í aðalskipulagi.

### Athugasemdir við umhverfismatsskýrslu

Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar vegna umhverfismats fyrirhugaðrar framkvæmdar:

- Lagfæra þarf texta á bls. 17, kafla 2.3.1 en Svæðisskipulag Austurlands tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 27. október 2022.
- Sveitarfélaginu hafa borist fyrirspurnir og athugasemdir frá landeigendum handan Jöklu, til móts við efnistökusvæðið, þar sem þeir lýsa yfir áhyggjum sínum af þeim áhrifum sem svokallaður “þröskuldur” hafi á náttúrulegt rennsli og farveg árinna (*vísað er til umfjöllunar á bls. 23 í umhverfismatsskýrslu*). Síðustu ár hefur stöðugt grafið úr bakkanum og landbrot aukist. Er það mat sveitarfélagsins að umhverfismatið þurfi að sýna svo ekki sé um villst að ekki sé hætt á jarðvegsrofi eða landbroti vegna aukinnar námuvinnslu á svæðinu. Sé ekki hægt að sýna fram á að svo verði ekki, skal tiltaka viðeigandi mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslu.
- Við lestur skýrslunnar vekur furðu að ekki hafi verið metin áhrif þess að undanskilja alfarið svæði sem tilheyrir valkosti B frá fyrirhugaðri efnistöku. Svæðið stendur hærra í landinu en áreyrarnar og samkvæmt niðurstöðum umhverfismats hefur náðst árangur í uppgræðslu undanfarin ár þar sem gróðurþekjan er sögð “nokkuð heilleg og víðibrúskar, krækiberjalyng og mosategundir farnar að skjóta rótum”. Jafnframt segir í skýrslunni “innan valkosti B er gróðurrikasta svæðið þar sem mesta fuglalífið er og mestu áhrifanna mun gæta.” Í ljósi þess sem á undan er rakið er lagt til að reitir 13-15 verði undanskildir efnistöku.

Múlaþing  
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is



### Niðurstaða

Það er mat Múlaþings að umhverfisskýrslan sé fullnægjandi að undanskildum þeim þáttum sem fjallað er um hér að ofan er varða annars vegar möguleg áhrif á rennsli árinna og þar með aukinni hættu á jarðvegsrofi eða landbroti. Og hins vegar þau tilmæli að skoðað verði að undanskilja reiti 13-15 frá efnistöku.

### Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum s.s. efnistöku eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllt,  
f.h. Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir

### Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 13. janúar 2023  
Tilv. 2023-01-13-0026/2.4.1

Efni: Varðar efnistöku úr Litlabakkanámu

Með tölvupósti þann 11. janúar leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlaþingi. Fram kemur í skýrslunni að ólíklegt sé að efnistakan muni hafi neikvæð áhrif á fiskistofna Jökulsár á Dal eða annað lífríki í ánni þar sem fyrirhuguð efnistaka sé utan við meginfarveg árinna.

Fiskistofa vísar til umsagnar sem veitt var fyrir tillögu að matsáætlun vegna málsins dags. 27. apríl 2021 (Tilv. 2021-04-19-1739/2.3.1).

Fiskistofa telur að allvel sé gerð grein fyrir þeim áhrifum sem efnistakan kunnir að hafa á lífríki Jökulsár á Dal. Vísað er til fyrirliggjandi upplýsinga og rannsókna sem geta varpað ljósi á það. Fiskistofa telur að lítill munur sé á aðalvalkosti eða valkosti B, hvað varðar möguleg áhrif á lífríki Jökulsár á Dal. Þó kann að vera að aðalvalkostur feli í sér aukna hættu á því að áin breyti farvegi sínum, sbr. ábending Hafrannsóknastofnunar við tillögu að matsáætlun. Í svari framkvæmdaáðila við ábendi Hafrannsóknastofnunar (ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí 2021) kemur fram að áform séu um gerð varnargarðs til að varna því að flóð og yfirfallsvatn úr Jöklu renni í kvíslina á efnistökusvæðinu sem alla jafna sé þurr. Það er þó ekki tilgreint í kafla 4.4.5 „Mótvægisaðgerðir“ í fram lagðri umhverfismatsskýrslu.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllt,  
Fiskistofa



Guðmagnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Hafnarfirði 25. janúar 2023

Málsnúmer: 2023-01-0022

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartúni 7B  
105 Reykjavík

## Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Litlubakkanámu, Múlapingi.

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir, með tölvupósti 11. janúar 2023, umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umhverfismatsskýrslu um efnistöku úr Litlubakkanámu. Landeigandi Litlabakka áformar efnistöku á um 40 ha svæði á áreyrum Jökulsár á Dal. Áætluð efnistaka er allt að 10.000 m<sup>3</sup> á ári í 25 ár eða alls allt að 250.000 m<sup>3</sup>. Miðað er við vinnsludýpt verði ekki meira en 2 m að meðaltali. Náman er staðsett í farvegi Jökulsár á Dal um 2 km sunnan við Litlabakka í Hróarstungu. Efnistaka hefur farið fram á þessu svæði allt frá 1980. Síðasta framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námunni var gefið út 2012, fyrir efnistöku allt að 50.000 m<sup>3</sup>. Núverandi námusvæði með framkvæmdaleyfi er um 3 ha. Af þeim 40 ha sem umhverfismatsskýrslan gerir ráð fyrir efnistöku á, hefur um 10 ha nú þegar verið raskað með fyrri efnistöku. Fram kom í tillögu að matáætlun (13.04.2021) að frá því árið 1980 er áætlað að um 300.000 m<sup>3</sup> af efni verið tekið úr námunni. Efnistakan felst í uppmokstri á mól úr eyrunum með skurðgröfum. Efnið verður ýmist flutt strax í burt með vörubílum eða það flokkað og unnið á staðnum með hörpun og grjótmulningsvélum.

Aðalvalkostur (A) umhverfismatsskýrslunnar er stækkun efnistökusvæðis til norðurs og vesturs frá núverandi efnistökusvæði. Vegna breytileika í efni eftir stöðum innan svæðisins, er reiknað með að taka efni á mismunandi stöðum innan svæðisins. Valkostur B felur í sér að efnistaka færi einungis fram á austurhluta svæðisins (austan kvíslar sem sker 40 ha svæðið).


Áhrif efnistöku úr árfarvegi getur náð talsvert út fyrir hinn eiginlega efnistökuastað. Botnefni ofan efnistökuastaðar getur farið á skrið vegna breyttra strauma/botnlags og leitað niður í efnistökuþrygjur. Talsverður tími getur liðið þar til slík ársvæði hafa jafnað sig og enn lengri tíma fyrir lífríkið. Að auki getur grugg sem myndast vegna efnistöku og möguleg mengun haft skaðleg áhrif á lífríkið neðan efnistökuastaðar. Almenna reglan ætti því að vera sú að við malarnám sé leitað annarra svæða en í eða við vatnsföll og Hafrannsóknastofnun mælir eindregið gegn efnistöku sem hefur í för með sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna.

Í straumvatni hér á landi hrygna laxfiskar á malarsvæðum að hausti og hrogn og síðan kviðpokaseiði eru í mölinni yfir veturinn. Fyrri hluta sumars synda seiðin upp í árvatnið og lífa fyrsta skeiðið á malarsvæðum árinna þar sem þau finna skjól á grýttum botninum og nærast á þeim fæðudýrum sem þar finnast. Laxaseiði færa sig á grófgrýttari botn og í meiri straum eftir því sem þau stækka. Þegar þau hafa náð göngustærð (10-14 cm) ganga þau til sjávar og er algengur ferskvatnsaldur frá tveimur til fimm ár. Í sjó tekur laxinn út mest af sínum vexti.


Í skýrslunni lýsir höfundur grunnástandi fiskstofna og vatnalífs í Jöklu neðan efnistökusvæðisins og til sjávar og dregur þar mjög úr mikilvægi svæðisins hvað varðar seiðaframleiðslu og veiðihagsmuni. M.a. eru þar birtar tölur um fjölda seiða á tveimur rannsóknstöðum neðan við efnistökusvæðið. Þar er miðað við fjölda seiða sem veiðast árlega á hvorum stað, en vísitala seiðapétteleika sem fjöldi seiða á

hverja 100 m<sup>2</sup> er betri mælikvarði þar sem svæðið sem rannsakað er hverju sinni getur verið misstórt milli staða og ára. Engar athuganir hafa farið fram svo vitað sé á lífríki í Jöklu við fyrirhugað námasvæði, né heldur hvort rennsli um kvísl sem sker námasvæði sé nægjanlegt til að þar þrífist vatnalíf. Rétt er að hafa í huga að hér er um eyrasvæði að ræða sem getur jafnvel breyst eitthvað frá ári til árs. Einnig þarf að hafa í huga að laxastofn Jöklu er enn að stækka í kjölfar þeirra breytinga sem áttu sér stað við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og því er líklegt að seiðapéttleiki eigi enn eftir að aukast.

Þar sem ekki liggja fyrir seiðarannsóknir í og við námusvæðið, má líta til þeirra gagna sem til eru úr seiðarannsóknnum í nágrenni svæðisins, en í skýrslunni er fjallað um mælistaði við Fossá og Breiðumörk. Ástæða er til að skoða einnig niðurstöður úr seiðarannsóknnum við Blöndubakka, þar sem námasvæðið liggur á milli þess og mælistaðs við Fossá (1.mynd).



1. mynd. Neðri hluti farvegar Jökulsár á Dal. Seiðarannsóknastaðir eru merktir með bláum þríhyrningi og 40 ha efnistökusvæði við Litlabakka sem rautt yfirstrikað svæði.



2.mynd. Vísitala þéttleika laxaseiða (fjöldi seiða á 100 m<sup>2</sup>) í seiðarannsóknunum í Jöklu við Blöndubakka, neðan Fossár og við Breiðumörk árin 2013-2021.


Seiðarannsóknir hafa farið fram á þessum stöðum árlega frá árinu 2013 (2. mynd) og er þéttleikavísitala laxaseiða breytileg á tímabilinu (Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2022). Við Breiðumörk hefur þéttleikinn árin 2013-2021 ávalt mælst innan við 5 laxaseiði/100 m<sup>2</sup>. Neðan við Fossá hefur þéttleikinn mælst hærrí, þó breytileikinn sé mikill milli ára. Þéttleiki laxaseiða hefur mælst hæstur við Blöndubakka af þessu þremur stöðum og hefur farið hækkandi síðustu ár. Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist þéttleiki laxaseiða aukast eftir því sem ofar kemur, en Litlabakkanáma er staðsett á milli rannsóknastaða við Blöndubakka og neðan Fossár. Þar sem ekki liggur fyrir úttekt á þéttleika og útbreiðslu seiða við efnistökusvæði við Litlabakka, er ekki vitað hvort laxaseiði finnist þar eða í hversu miklum þéttleika. Miðað við þéttleika laxaseiða á fyrrgreindum rannsóknastöðum, er ekki óvarlegt að ætla að nokkuð geti verið um laxaseiði þar, að því gefnu að ákjósanleg búsvæði séu fyrir hendi. Einnig þarf að hafa í huga að vottur er af bleikju í Jöklu þótt sá stofn sé ekki stór eins og er.

Síðan Jökulsá var virkjuð og farið var að safna vatni í Háslón til veitingar til Fljótsdalsvirkjunar, hefur grugg og framburður jarðafna minnkað í Jöklu. Áin hefur því orðið stöðugri í sínum farvegi, þó að enn komi flóð í hana eins og þegar vatnsmagn eykst þegar Háslón fyllist og vatn fer að renna um yfirfall Kárahnjúkastíflu. Í kjölfarið hefur farvegurinn grafist og dýpkað og reikna má með að ekki komi nýtt efni af efri svæðum í stað þess sem tekið er líkt og gerðist áður. Samhliða því hafa eyrar sem áin flæddi um áður verið að gróa upp. Fram kemur að Jökla hafi grafið sig niður til hliðar við efnistökusvæðið og sé þar að marka sér framtíðar farveg. Hins vegar, þegar vatn flæðir um yfirfall Kárahnjúkastíflu og rennsli eykst í Jöklu, mun vatn renna yfir hluta efnistökusvæðisins. Ástæða er því til að óttast að efnisnámið geti leitt til þess að áin brjóti sér nýjan farveg um efnistökusvæðið, sem myndi þýða að ráðast þyrfti í framkvæmdir til að beina henni í sinn gamla farveg eða að gamli farvegurinn þorni upp, mögulega með neikvæðum áhrifum á lífríki sem þar er fyrir. Ekki liggur fyrir hæð eyrarinnar sem efnistaka er áætluð úr og því ekki þekkt hvort og þá hversu langt niður fyrir vatnsborð árinna ofan og til hliðar við efnistökusvæðið botn efnistökusvæðisins verður að lokinni efnistöku.



Þrátt fyrir að í skýrslunni séu taldar hverfandi líkur á að olíur og önnur mengandi efni geti borist í vatn/jarðveg í tengslum við efnistöku og vinnslu á efni, er full ástæða til að gæta vel að þeim þætti. Þó ekki séu þekkt skjalfest dæmi um slíka mengun frá fyrri starfsemi í námunni, þarf það ekki að segja um hvort slík atvik geti komið upp síðar og ljóst að aðstæður á svæðinu geta breyst á ýmsan hátt á þeim næstu 25 árum sem umhverfismatið miðar við. Því er mikilvægt að gott eftirlit sé með starfseminni og fyrir liggi viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll ef mengunarslys verða. Mikilvægt er að hafa í huga að mengandi efni sem sleppa hugsanlega frá framkvæmdasvæðinu geta borist langt með árvatninu og þannig mögulega valdið skaða langt út fyrir framkvæmdasvæðið. Lífríki, þ.m.t. fiskseiði, gætu mögulega þannig orðið fyrir áhrifum. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að gert er ráð fyrir að efnistakan verði í höndum verktaka sem landeigandi semur við hverju sinni og því líklega nokkrir aðilar sem vinna efni úr námunni á leyfistímanum, sem gæti gert ábyrgð og eftirlit erfiðara en ella.

Fyrirliggjandi rannsóknir sem sýna að hrygning og uppeldi laxfiskseiða er til staðar í Jöklu bæði ofan og neðan framkvæmdasvæðisins. Miklu magni laxaseiða hefur verið sleppt í ána og hliðarár hennar á undanförunum árum til að flýta fyrir landnámi laxa. Stangveiði á laxi hefur verið að aukast og sumarið 2022 veiddust 764 laxar í Jöklu, auk veiði í hliðaránum. Á árabílinu 2007-2022 hefur um 14 % veiddra laxa í Jöklu, veiðst á veiðistöðum sem staðsettir eru á svæðinu frá efnistökusvæðinu til sjávar (3. mynd). Einnig sýna rannsóknir að eftir virkjun Jöklu svípar henni til dæmigerðrar dragár á blágrýtissvæði hvað þéttleika og tegundasamsetningu hryggleysingja varðar, en ríkjandi hryggleysingjar á botni árinna eru rykmý og bitmý (Erlín Emma Jóhannsdóttir 2019). Ljóst er því að miklir hagsmunir geta verið í húfi og því æskilegt að áður en efnistakan hefjist fari fram rannsóknir á lífríki Jöklu við framkvæmdasvæðið og neðan þess, þar sem mestar líkur eru á hugsanlegum áhrifum af framkvæmdinni. Einnig að á framkvæmdatímanum verði lífríki svæðisins vaktað.



3. mynd. Fjöldi laxa sem veiddist í stangveiði í Jöklu ofan við og neðan við Litlabakkanámu árin 2007-2022. Unnið úr gögnum frá leigutaka árinna, Presti Elliðasyni.



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Telja verður víst að þrátt fyrir að veiðimenn sjái e.t.v. ekki vinnuvélar á efnistökusvæðinu frá veiðistað, verði þeir varir við þær við ána. Eftir Kárahnjúkastíflu hefur ásýnd Jöklu og sá svipur sem hún setur á Jökuldal breyst verulega. Þá hefur lífræn framleiðsla aukist og stærð fiskstofna farið vaxandi. Tekjur af veiði eru í auknum mæli að skila sér til veiðiréttarhafa og benda líkur til að sú aukning haldi áfram. Veiðitekjur, beinar og óbeinar, verði því vaxandi þáttur í afkomu landeiganda við Jöklu sem sameiginlega eiga veiðiréttinn í ánni. Veiði er mikilsmetin náttúruupplifun og geta framkvæmdir af ýmsum toga haft áhrif á hana og þar með þá ímynd sem veiðin skapar. Námuvinnslan getur þannig mögulega haft neikvæð áhrif á upplifun veiðimanna og verðmæti svæðisins til útivistar og veiðinýtingar.

Benda verður á að ekki hefur verið gerð rannsókn á áhrifum þessarar efnistöku á lífríki heldur styðst matsskýrslan við mat höfundar og hagsmunaaðila. Ekki eru vísbendingar um að fyrri efnistaka hafi haft afgerandi áhrif þótt slíkt hafi ekki verið rannsakað. Hafrannsóknastofnun telur að erfitt sé að sjá fyrir áhrif af efnistöku til svo langs tíma sem 25 ára. Um verulegt magn efnis er að ræða og á þeim tíma geta forsendur breyst bæði hvað varðar umhverfisþætti, verðmæti nýtingar, útbreiðslu tegunda, stofnstærðir o.s.frv. Því mælir Hafrannsóknastofnun með að miða við styttri framkvæmdatíma. Jafnframt að gerðar verði rannsóknir til að vakta og meta áhrif efnistökkunnar á lífríki með reglulegum hætti af óháðum aðila. Með því móti verði hægt að hafa forsendur til að breyta áformum eða hætta efnistöku ef neikvæð áhrif koma fram. Má í því sambandi benda á að t.d. eru framkvæmdaleyfi í fiskeldi gefin til 10 ára í senn.

Hafrannsóknastofnun er rannsóknastofnun er rannsókn- og ráðgjafastofnun og hefur ekki með leyfisveitingar á þessu sviði að gera.

Rétt er að benda á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn (allt að 100 metrum frá bakka), sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu sbr. 33 grein V. kafla laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006 með síðari breytingum).

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Heimildir:

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Elísabet Ragna Hannesdóttir, Eydís Salome Eiríksdóttir, Iris Hansen, Jón S. Ólafsson og Sigurður Óskar Helgason 2019. Áhrif yfirfallsvatns úr Hálslóni á botnlæga þörungum og hryggleysingja í Jökulsá á Dal. Skýrsla Náttúrustofu Austurlands, NA-190185. 79 bls.

Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2022. Seiðarannsóknir og veiði í Jökulsá á Dal, hliðarár hennar og Fögruhlíðará 2021. Hafrannsóknastofnun, HV 2022-12. 34 bls.



30. janúar 2023

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### Umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlapingi

Í tölvupósti þann 11. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlapingi. Skýrslan sem hér er til umsagnar er unnin af verkfræðistofunni Eflu og er dagsett 2.1.2021

Í tillögunni kemur fram að efni hafi verið tekið úr námu í landi Litla-Bakka um áratuga skeið og nú standi til að auka efnistöku og stækka námuna í 40 hektara. Gert er ráð fyrir að árlega verði tekið allt að 10.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni á næstu 25 árum.

Um efnistöku gildir m.a. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Efnistaka er talin upp í tölulið 2.6 í viðauka X (Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám) og steinmölun (Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum) í tölulið 2.1. Starfsemin er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

### Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við matsskýrsluna en vill koma eftirfarandi á framfæri:

Komi til þess að þurfi að setja upp starfsmannaaðstöðu eða aðstöðu verktaka vegna vinnslunnar til lengri eða skemmri þarf eftirfarandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

- Starfsmannabúðir eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð 941/2002 um hollustuhætti.
- Mötuneyti og neysluvatnsveita fyrir starfsmannabúðir er starfsleyfisskyld starfsemi skv. matvælalögum nr. 93/1995.

Annað ekki

Virðingafyllst  
  
Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 24. febrúar 2023

### Ósk um umsögn: Umhverfismatsskýrsla vegna efnistöku úr Litlubakkanámu

Landgræðslunni barst til umhverfismatsskýrsla vegna efnistöku úr Litlubakkanámu.


Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Líkt og fram kemur í kafla 2.1 í umhverfismatsskýrslunni, um staðsetningu og staðhætti, er hluti af áreyrunum liður í landgræðsluverkefnum á áreyrum jökulsár á Dal sem tengjast virkjunarframkvæmdum og er sá hluti gróinn að vissu marki. Uppgræðslurnar voru unnar í þeim tilgangi að að draga úr uppfoki efnis sem berst yfir svæðið í flóðum, líkt og einnig kemur fram í skýrslunni. Meðfylgjandi kort sýna góðurþekju og stöðu uppgæðslunnar (ath. Kortin eru vinnugögn og ekki ætluð til frekari dreifingar).

Af gögnum málsinsins að dæma er ljóst að rask verður á uppgæðslunni. Hins vegar er áætlað efnistökusvæði í árfarvegi en Landgræðslan er almennt hlynt slíkri efnistöku, fremur en á grónu landi, svo framast sem hún hefur ekki varanleg áhrif á vistkerfi staðarins. Þá eru áætlanir um frágang svæðisins sem fram koma í kafla 3.2.2, jafnóðum og efnistöku er lokið, ásættanlegar.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku úr Litlubakkanámu. Stofnunin er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgæðslu, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar,

  
\_\_\_\_\_  
Davíð Arnar Stefánsson,  
Sérfræðingur



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2023  
MÍ202302-0116/ 6.07 / K.M.

## Efni: Litli-Bakki í Hróarstungu í Múlaþingi. Efnistaka.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 11. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Fyrirhugað er að halda áfram efnistöku úr áreyrum Jökulsár á Dal í landi Litla-Bakka. Efnistaka hefur verið á svæðinu allt frá árinu 1980. Núverandi námusvæði með framkvæmdaleyfi er um 3 ha að stærð en raskað svæði vegna efnistöku þar í kring síðustu áratugi er um 10 ha.

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tveimur valkostum áframhaldandi efnistöku á svæðinu. Aðalvalkostur gerir ráð fyrir að vinnslusvæðið sem unnið verði á næstu árin sé um 40 ha að flatarmáli þar sem vinnsludýpt er að meðaltali ekki meira en 2 m. Ætlunin er að vinna allt að 250.000 m<sup>3</sup> efnis úr námunni á næstu 25 árum. Valkostur B gerir ráð fyrir að einungis verði unnið að efnistöku austan við kvísl sem rennu um svæðið. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að með því að taka aðeins þetta svæði, sem er um 18,5 ha, verði nothæft og vinnanlegt efnismagn innan við helmingur af því sem aðalvalkosturinn gerir ráð fyrir, eða um 90.000 m<sup>3</sup> í heildina.

Í kafla 4.1.2 í umhverfismatsskýrslu segir að fornleifar hafi verið á meðal umhverfisþátta sem skoðaðir voru við gerð matsáætlunar en ekki hafi verið talin hætta á að yrðu fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna efnistökkunnar.


Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 04.05.2021. Eins og þar kemur fram er fyrirhugað efnistökusvæði á síbreytilegum áreyrum Jökulsár á Dal. Fornleifar voru skráðar meðfram Jökulsá á Dal í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*, þar sem gerð er grein fyrir

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

skráningunni. Þrjár fornleifar voru skráðar í landi Litla-Bakka. Þær eru allar töluvert norðan við efnistökusvæðið.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Ágúst Jónsson ([jon.a.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.a.jonsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. febrúar 2023  
Málsnúmer: 202301-0100  
LA, BK

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlþingi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 11. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna aukinnar efnistöku úr Litlabakkanámu, Múlþingi.

Náman við Litlabakka er staðsett á áreyrum Jökulsár á Dal, Jöklu, og efnisvinnsla hefur verið í gangi þar frá 1980. Raskað svæði vegna efnistöku er í dag um 10 ha að stærð. Til stendur að efnistaka næstu 25 árin verði allt að 10.000 m<sup>3</sup> á ári, eða samtals um 250.000 m<sup>3</sup>. Áætluð mörk námunnar í umhverfismatsskýrslu ná yfir um 40 ha svæði. Fram kemur að náman sé í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (merkt E54).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhugað efnistökusvæði liggur í grennd við svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/utherad>).

Eftir að Kárahnjúkavirkjun tók til starfa 2006 hefur framburður í Jökulsár á Dal breyst úr því að vera ólgandi gruggug jökulá í að vera straumlítill bergvatnsá mestan hluta ársins. Efnistaka í áreyrum Jöklu er því ekki lengur sjálfbær námuvinnsla.

Í skýrslunni eru settir fram tveir valkostir, A og B. Gengur A tillagan út á efnistöku á tveimur svæðum sem nefnd eru A og B, en B valkosturinn er tillaga um efnistöku eingöngu á B svæði austan við árfarveg sem rennur um námasvæðið. Í raun skipta þessir valkostir ekki miklu máli því fyrir séð er að valkostur B mun ekki duga til efnistöku nema um 10 ár.

Fram kemur að námasvæðinu verður áfangaskipt niður í 12 reiti (mynd 3.6.). Gert er ráð fyrir að hver reitur endist í um 2-4 ár og að jafnaði verði efnistaka í tveimur reitum eða á um 2,5 ha svæði. Gróðursnaugar áreyrar sunnan við núverandi námu eru ekki settar fram sem valkostur.

Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur verið landgræðsla frá 2007 með áburðagjöf og sáningu og á þeim 15 árum sem liðin eru frá upphafi landgræðslunnar er gróðurþekja farin að myndast vestan við núverandi námusvæði og í nyrsta hluta B svæðis. Því er ljóst að það tekur tíma fyrir áreyrarnar að gróa upp. Þá kemur einnig fram að á nyrsta hluta B svæðisins er eldra námusvæði. Náttúrufræðistofnun telur að hlífa megi þessum landgræðslusvæðum innan



framkvæmdasvæðisins enda hefur verið lagt mikið í að rækta þau upp sem mótvægisáðgerðir vegna virkjanaframkvæmda. Þetta eru svæði í reitunum 9-11 og 13-15 á mynd 3.6.

Fuglalíf innan svæðisins var kannað 2. júlí 2021 af starfsmanni Eflu og sáust ummerki um 11 fuglategundir og voru fimm af þeim líklegir eða staðfestir varpfuglar innan svæðisins. Var þéttleiki sagður lítill en rétt er þó að taka fram að þessi könnun átti sér stað of seint á varptímanum til að hægt væri meta varpþéttleika með fullnægjandi hætti þar sem á þessum tímamarki hefur varp án efa misfarist hjá einhverjum fuglum og þeir yfirgefið svæðið.

Þarna voru þó enn 3-4 spóapör á 40 ha sem uppreiknað gera 8-10 pör á km<sup>2</sup> sem myndi teljast í meðallagi hár til hár þéttleiki fyrir tegundina sé litið til viðmiða sem notuð eru í skýrslu um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Enda er á svæði B að finna kjörlendi fyrir spóa (Mynd 4.10 í greinargerð Eflu) (Katrínardóttir o.fl. 2015).

Vitað er að á Úthéraði er þéttleiki spóa mjög hár (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001) og má vænta þess að hann sé líka hár á grónum svæðum í nágrenni efnistökusvæðisins og því ekki gefið að þeir fuglar sem missa óðal sitt í framkvæmdunum geti gengið að öðrum svæðum vísu í grenndinni.

Þarna er þó ekki um marga einstaklinga að ræða og því getur framkvæmdin ekki talist hafa mikil áhrif á fuglalíf. En það ætti engu að síður að taka til skoðunar að hlífa þeim hluta áreyrana þar sem fuglarnir eru helst, þ.e. svæði B. Sérstaklega þar sem kjói, sem er á valista sem tegund í hættu, á þar óðal.

Grunnt er niður á vatnsborð sem gerir það að verkum að efnistaka er einungis niður á 2 m dýpi frá yfirborði. Mikilvægt er að gengið sé vel frá hverjum áfangareit námasvæðisins eftir að efnistöku þar lýkur til að vega upp á móti ásynðaráhrifum. Í námunni koma til með að myndast tjarnir og þarf að huga vel að frágangi þeirra, bæði með tillit til öryggissjónarmiða og eins lífríkis. Ekki kemur fram hvort til stendur að flytja efni inn á svæðið til uppfyllingar eða landmótunar.

Í umfjöllun um mengunarslys verður að hafa í huga að slys eru ófyrirséð og taka þarf tillit til þess að lekt áreyrarinnar er mikil og grunnt er niður á vatnsborðið. Norðaustan við námuna er B-hluta svæði á náttúruminjaskrá. Því er mikilvægt að til staðar sé skýr viðbragðsáætlun fyrir framkvæmdarsvæðið og að mengað set sé fjarlægð sem fyrst af svæðinu.

Í umhverfismatsskýrslunni er ekki fjallað um loftgæði eða hljóðvist í og við framkvæmdasvæðið, en á svæðinu er efnisvinnsla með hörpunartækjum og grjótmulningsvélum. Hins vegar kemur fram að þessi vinnsla hefur verið til staðar og því er hún e.t.v. ekki það umfangsmikil að hún valdi umhverfisáhrifum, en gott væri að taka það fram.

Náttúrufræðistofnun telur áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verða verulega neikvæð fyrir gróður og jarðminjar og talvert neikvæð fyrir landslag og ásynð. Hins vegar eru þau áhrif nú þegar orðin en munu aukast með aukinni námuvinnslu. Stofnunin leggur til að grónum landgræðslusvæðum sé hlíft eins og kostur er við námuvinnslu.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar

Heimildir:

Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Sigurður H. Magnússon, Kristbjörn Egilsson, Halldór Walter Stefánsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun: Áhrif breytinga á vatnafari Jökulsár á Dal og Lagarfljóts á gróður, fugla og seli. Náttúrufræðistofnun Íslands, skýrsla unnin fyrir Landsvirkjun. 131 bls.

Katrínardóttir B., J.A. Alves, H. Sigurjónsdóttir, P. Hersteinsson, T.G. Gunnarsson 2015. The Effects of Habitat Type and Volcanic Eruptions on the Breeding Demography of Icelandic Whimbrels *Numenius phaeopus*. PLOS ONE 10(7): e0131395. [DOI:10.1371/journal.pone.0131395](https://doi.org/10.1371/journal.pone.0131395)

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. [Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi](https://doi.org/10.1017/9781108888888). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. [https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)



Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2023  
UST202301-149/B.S.  
10.05.01

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - umhverfismatsskýrsla - Efnistaka úr Litlabakkanámu. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Um er að ræða efnistöku á svæði þar sem efni hefur verið tekið um áratugaskeið. Fyrirhugað er að taka alls um 250.000 m<sup>3</sup> af steypu- og klæðningaefni næstu 25 ár.

Fram kemur í greinargerð að eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar eru náttúrulegir efnisflutningar minni og nánast engir nema í flóðum. Áin er að grafa sig niður í gamla áreyra og væntanlega mun komast þarna á nýtt jafnvægi með tímanum. Fram kemur að efni úr námunni teljist gæðaeefni að mati Vegagerðarinnar.

Gróður á svæðinu eru að mestu grös sem sáð hefur verið sem mótvægisáðgerð vegna Kárahnjúkavirkjunar. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort ástæða sé til að styrkja gróður á fyrirhuguðum efnistökusvæðum en í stað þess verði lögð áhersla á að græða upp svæði þar sem efnistöku er lokið.

Fuglalíf er fábreytt og eingöngu tegundir sem algengar eru á svæðinu. Efnistakan fer alfarið fram utan við virkan farveg Jöklu. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að þannig verði áfram og að skoða verði hvort ekki sé ástæða til að hindra að áin flæmist um efnistökusvæði með leirburði þegar Háslón fer á yfirfall og spilli malarefni og gróðri. Fyrir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar er talið að efnistaka við Litlabakka hafi verið sjálfbær þar sem Jökla fyllti jafnóðum gryfjur en slíkt gerist ekki framar og efnistakan því ósjálfbær. Í gömlum áreyrum Jöklu neðan Blöndubakka er að finna mjög mikið efni. Þrátt fyrir þetta telur Umhverfisstofnun að fara eigi sparlega með gæðaeefni og nota þessa mól aðeins til framleiðslu steypu og klæðninga.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er vönduð og ítarleg.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*